

inu, sem stefndi hefir að engu sint, að þeir eru ósundurliðaðir með öllu, og þykir eigi rétt að áfrýjendur verði skyldaðir til að borga þá að sínu leyti, og verður því að draga $\frac{1}{4}$ þeirra eða 24 kr. 24 a. frá upphæð þeirri, er stefndi hefir krafist alls hjá hvorum þeirra, 224 kr. 04 a., þannig að hvor þeirra greiði stefnda sem ómakslaun eða kaup og í ferðakostnað 199 kr. 80 a. Með þessari breytingu, sem stafar af litilfjörlegri reikningsvillu í bæjarþingsdóminum, ber að staðfesta hann. Eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum hvorum um sig að greiða stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendurnir Benedikt Stefánsson og Eyólfur Ófeigsson greiði stefnda Jóni Jónassyni hvor 199 kr. 80 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og í málskostnað fyrir yfirdómi 15 kr. hvor.

Dóminum að fulnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðtör.

Nr. 22/1906:

Vigfús prestur Þórðarson
gegn
Stefáni Jónssyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn prestur að Hjaltastað Vigfús Þórðarson, að fenginni gjafsókn og skipuðum

málflutningsmanni, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda húsmanni í Reykjavík Stefáni Jónssyni, út af vangoldnu álagi og vantandi kúgildi á hjáleigu Hjaltastaðar Svinafell, og var málið dæmt í nefndum rétti 1. febr. þ. á. á þá leið, að stefndi skyldi greiða áfrýjand-
 anum 26 kr. 72 a. með 5⁰/₀ vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en vera að öðru leyti sýkn af kröfum hans og kærurum í málinu, og málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdóms-
 ins með stefnu dags. 30 marz þ. á., og hefir hann fengið gjafsókn fyrir yfirdómi og skipaðan málsfærslumann svo og konungsleyfi til að leggja fram ný skjöl og skilríki í málinu. Hefir þess verið krafist af hans hálfu fyrir yfirdóminum, að dóminum verði breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum alla kröfu hans fyrir bæjarþingsréttinum, kr 174, 02 a. með 5⁰/₀ vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, að stefndi verði sektaður fyrir ólöglega sjálfstöku og að hann verði dæmdur til að greiða málskostnað eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal hæfilega þóknun til hins skipaða málsfærslumanns áfrýjanda. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur að öllu leyti og áfrýjandi dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Árið 1903 fekk stefndi byggingu hjá áfrýjanda fyrir hjáleigu prestssetursins Hjaltastaðar Svinafelli, til 5 ára, og tók við jörðinni í fardögum s. á. Hann hélt þó ekki við búskap á jörðinni leugur en til haustsins vegna veikinda konu sinnar, sem hann varð að koma fyrir í næstu sveit, á Myrnesi í Eiðapinghá, en hann

fekk leyfi til að vera sjálfur með börn sín og skepnur á prestsetrinu um veturinn. Um páskaleytið fór stefndi frá Hjaltastað og dvaldist þá um hrið á Mýrnesi, en fór ekki að Svínafelli, þar sem hann þó enn átti búsmuni sína ýmsa. Þeir litu líka báðir svo á, áfryjandi og stefndi, þó að engin bein uppsögn hefði átt sér stað frá hvorugri hlið, að ábúð stefnda á Svínafelli væri þá lokið, enda byggði áfryjandi öðrum manni jörðina, og flutti hann þegar á hana í aprílmánuði, því að hann áskildi sér það vegna þeirrar vanhirðingar, er jörðin var í, til þess að geta búið þar í haginn fyrir sig og undirbúið vorverk. Áfryjandi vildi flýta úttekt á jörðinni úr hendi stefnda, með því að hann hafði heyrt að hann ætlaði þá og þegar alfarinn til Reykjavíkur, og var úttekt dagsett fimtudag 28. aprílmán. Sendi hann stefnda 2 dögum fyrir boð um það að Mýrnesi, en stefndi var þá ekki heima og hafði farið til Loðmundarfjarðar og kom ekki aftur fyrir en eftir að úttektinni var lokið. Kona stefnda bað sendimann að segja áfryjanda frá fjarveru stefnda og hvar hann væri og óskaði að úttektinni væri frestað þangað til hann kæmi heim, en vegna illviðra var eigi hægt að senda eftir stefnda, svo hann kæmi í tæka tíð til úttektarinnar. Úttektin fór samt fram hinn tiltekna dag, og var álag á það, er ekki fekst í húsum á jörðinni, metið 147 kr. 10 a. og upp í það teknir lögtaki af úttektarmönnum lausafjármunir ýmsir tilheyrandi stefnda, er virtir voru á 52 kr, 45 a. og ennfremur kýr, er hann átti annarstaðar, en afganginn var ætlast til að áfryjandi fengi af 50 kr. skuld, er stefndi átti hjá manni þar í sveitinni. Lausafé það, er tekið var á jörðinni, var hinum nýja ábúanda þar falið

til varðveizlu, þar til það væri selt. Og eins var bónda þeim, er kúna geymdi, gjört aðvart um löghaldið á henni.

Nokkru eftir að úttekt þessi hafði fram farið kom stefndi að Svínafelli við 4. mann, lýsti því yfir, að hann álitu úttektina ólöglega og hafði á burt með sér hið lögtekna lausafé í forboði bóndans, er geymdi það. Svo tók hann og kúna til sín og innheimti 50 kr, skuld sína, þá er fyr er getið.

Áfryjandi hefir nú krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér hið vantandi álag á Svínafell með 147 kr. 10 a. og auk þess verð 2 kúgildisáa, sem hann átti óskilað af jörðinni, 26 kr. 92 a., og vaxta að auki svo sem fyr segir. En með því að stefndi, eins og sést af framanskraðu, getur ekki álitist hafa fengið löglega tilkynningu eða nægan fyrirvara, eins og 30. gr. laga 12. jan. 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða tilskilja, um úttektina, sem auk þess fór fram á óvenjulegum tíma, löngu fyrir fardaga, þá verður úttektin í heild sinni að teljast ógild og er þá eigi unnt að dæma stefnda til að greiða álag eftir þeirri gjörð. Það verður þá og að sýkna stefnda af kröfu áfryjanda um sekt fyrir ólöglega sjálfstöku. Hinnsvegar ber að fallast á það, að bæjarþingsdómurinn hefir dæmt stefnda til að greiða andvirði fyrgreindra 2 leiguáa, sem hann hefir ekki neitað að hann ætti að standa skil á, 26 kr. 92 a. ásamt vöxtum, eins og krafist er.

Það ber því að staðfesta bæjarþingsdóminn í öllum greinum. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum mega falla niður, og greiðist málflutningskaup hins skipaða málfærslumanns áfryjanda fyrir yfirdómi, sem ákveðst 20 kr., af almannafé. Það vottast, að

málsfærslan af hans hendi hefir verið lögleg og rekstur málsins fyrir bæjarþinginu hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður, en málf lutningskaup hins skipaða málf lutningsmanns áfryjanda fyrir yfirdómi, Odds yfirréttarmálaflutningsmanns Gíslasonar, 20 krónur, greiðist af almannafé.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn hinn 6. ágústmánaðar.

Nr. 40/1905:

Helgi prestur Árnason

gegn

Lárusi H. Bjarnason, sýslumanni.

Dómur:

Í fundargjörðum sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 23. og 24. marz 1903, er auglýstar voru á prenti eftir ráðstöfun hins stefnda sýslumanns fyrir hönd sýslunefndarinnar, er skýrt frá því undir tölul. XXVIII, að oddvitinn í Neshreppi innan Ennis, síra Helgi Árnason, áfryjandi máls þessa, hafi beðið um lausn úr hreppsnefndinni, og síðan segir svo: